

273. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 9. JANÚAR 2018 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- 2) Kirkjuþing 2017, framhaldsþing.
 - a) Eignir Kirkjumálasjóðs, heimild til eignasölu.
- 3) Fjármál
 - a) Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs 8. janúar 2018
 - b) Skálholtsútgáfan, kirkjuhúsið. Ársreikningur 2016.
 - c) Fjáraukalög 2017, nefndarálit meirihluta fjárlaganefndar.
 - d) Virðisútreikningur kirkjujarðasamkomulagsins.
 - e) Fjármál Kirkjumálasjóðs. Stöðuskýrsla fjármálastjóra biskupsstofu.
- 4) Fasteignir
 - a) Fundargerð kirkjustarfs- fasteignahóps kirkjuráðs 13. desember 2017 og 8. janúar 2018.
 - b) Staðastaður. Traðir, deiliskipulag, ósk um umsögn.
 - c) Saurbær. Viðhald húsnæðis, stöðuskýrsla.
 - d) Hruni. Lóðarblað fyrir jörðina Berghyl.
 - e) Glaumbær, Sauðárkrókslína 2, erindi Landsnets.
 - f) Breiðabólsstaður í Fljótshlíð. Yfirlýsing um landamerki.
 - g) Reykhólar. Stöðuskýrsla.
 - h) Valþjófsstaður. Kröflulína 3, erindi Landsnets.
 - i) Árnes 1. Erindi varðandi kaup á jörðinni.
 - j) Skagabraut 30, Garði. Tilboð um kaup á eigninni.
 - k) Staðastaður, úttektarskýrsla skv. ábúðarlögum.
- 5) Málefni Skálholts
 - a) Skálholt, 42. fundur stjórnar. Fundargerð. Skógræktarmál og framhald búskapar í Skálholti.
 - b) Skálholt, biskupsþjónusta og staðarhald. Drög að samkomulagi.
- 6) Kirkjutónlistarráð, fundargerðir 1.-9. fundar 2017.
- 7) Erindisbréf fyrir framkvæmdastjóra kirkjuráðs.
- 8) Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:30. Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Gísli Gunnarsson, séra Elínborg Gísladóttir, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon sem var fjarstaddur og sótti fundinn um fjarfundabúnað.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Þorvaldur Víðisson biskupsritari og Guðrún Finnbjarnardóttir ritari kirkjuráðs sem ritaði fundargerð.

Til fundarins komu eftirtaldir: Sigurbjörg Níelsdóttir Hansen fjármálastjóri biskupsstofu undir lið 3. e., sr. Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup emeritus undir máli 5 og sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir vígslubiskup sem áheyrnarfulltrúi.

2. KIRKJUÞING 2017, FRAMHALDSÞING.

a) *Eignir Kirkjumálasjóðs, heimild til eignasölu.*

Lögð fram skrá um eignir Kirkjumálasjóðs sem selja má án þess að það hafi nein áhrif á kirkjulega starfsemi. Vísað til kirkjustarfs- fasteignahóps.

3. FJÁRMÁL

b) *Fundargerð fjármalahóps kirkjuráðs 8. janúar 2018.*

Fundargerðin lögð fram. Tekinn fyrir 1. dagskrárliður. Kirkjuráð samþykkir tillögu um viðræður við sóknarnefnd og bygginganefnd Árbæjarsóknar. Tekinn fyrir 3. liður, fjárhagsáætlun Skálholts. Kirkjuráð samþykkir tillögu fjármalahópsins.

c) *Skálholtsútgáfan, kirkjuhúsið. Ársreikningur 2016.*

Ársreikningurinn lagður fram til kynningar. Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að kalla stjórnarmenn sem tilnefndir eru af kirkjuráði til næsta fundar ráðsins.

d) *Fjárlagaráð 2017, nefndarálit meirihluta fjárlaganefndar.*

Nefndarálitið lagt fram.

e) *Virðisútreikningur kirkjujarðasamkomulagsins.*

Lögð fram skýrsla Deloitte ehf.

f) *Fjármál Kirkjumálasjóðs. Stöðuskýrsla fjármálastjóra biskupsstofu.*

Fjármálastjórinn flutti skýrslu sína.

4. FASTEIGNIR

a) *Fundargerð kirkjustarfs- fasteignahóps kirkjuráðs 13. desember 2017 og 8. janúar 2018.*

Fundargerðirnar lagðar fram. Tekin fyrir fundargerð 8. janúar, 4. mál. Ákveðið að láta meta verðmæti fasteignarinnar Hamrahlíð 12 í Vopnafirði með sérstöku tilliti til breytinga sem voru gerðar á eigninni.

b) *Staðastaður. Traðir, deiliskipulag, ósk um umsögn.*

Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

- c) *Saurbær. Viðhald húsnæðis, stöðuskýrsla.*
Framkvæmdastjóri flutti skýrslu sína. Framkvæmdastjóra falið að taka upp viðræður við sóknarprestinn um lausn málsins.
- d) *Hruni. Lóðarblað fyrir jörðina Berghyl.*
Boðuð gögn bárust ekki. Málinu frestað til næsta fundar.
- e) *Glaumbær, Sauðárkrókslína 2, erindi Landsnets.*
Lagt fram erindi Landsnets ásamt lýsingu á línustæði og samþykkisyfirlýsingu. Stjórnarmaður Landsnets, Svana Helen Björnsdóttir kirkjuráðsmaður vék sæti við afgreiðslu málsins. Kirkjuráð samþykkir erindið.
- f) *Breiðabólstaður í Fljótshlíð. Yfirlýsing um landamerki.*
Lögð fram til kynningar þinglýst skjöl.
- g) *Reykhólar. Stöðuskýrsla.*
Framkvæmdastjóri flutti stöðuskýrslu sína. Kirkjuráð felur honum að leita samninga við sóknarprest á grundvelli erindis hans.
- h) *Valþjófsstaður. Kröflulína 3, erindi Landsnets.*
Málið var áður á dagskrá 272. fundar. Sagt var frá kynningarfundum um málið á vegum lögmannsstofunnar Lögmenn Höfðabakka og lögð fram loftmynd sem sýnir línustæði. Arnór Skúlason verkefnisstjóri fasteignasviðs kynnti gögnin. Stjórnarmaður Landsnets, Svana Helen Björnsdóttir kirkjuráðsmaður vék sæti við afgreiðslu málsins.
- i) *Árnes 1. Erindi varðandi kaup á jörðinni.*
Vísað til kirkjustarfs- fasteignahóps kirkjuráðs.
- j) *Skagabraut 30, Garði. Tilboð um kaup á eigninni.*
Framkvæmdastjóra falið að leita samninga við sóknarprestinn um kaup hans á prestbústaðnum.
- k) *Staðastaður, úttektarskýrsla skv. ábúðarlögum.*
Skýrslan lögð fram.

5. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

- a) *Skálholt, 42. fundur stjórnar. Fundargerð. Skógræktarmál og framhald búskapar í Skálholti.*
Lögð fram drög að samningi við Skógræktarfélag Íslands.
- b) *Skálholt, biskupsþjónusta og staðarhald. Drög að samkomulagi.*
Samkomulagsdrögin samþykkt.

6. KIRKJUTÓNLISTARRÁÐ

Kirkjutónlistarráð, fundargerðir 1.-9. fundar 2017. Fundargerðirnar lagðar fram.

7. ERINDISBRÉF FYRIR FRAMKVÆMDASTJÓRA KIRKJURÁÐS

Erindisbréfið lagt fram. Afgreiðslu þess frestað til næsta fundar.

8. ÖNNUR MÁL

Önnur mál komu ekki fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:25

Næsti fundur er áætlaður 13. febrúar 2018.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Séra Elínborg Gísladóttir

Séra Gísli Gunnarsson

Svana Helen Björnsdóttir

Stefán Magnússon